

# SAMGÖNGUÁÆTLUN 2024-2038

## Umhverfisskýrsla



**Mars 2023**

Uppfærð í maí eftir kynningartíma



## 21399

[https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project1395/Documents/Matsskýrsla/21399\\_samgönguáætlun\\_umhverfismat\\_230310.docx](https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project1395/Documents/Matsskýrsla/21399_samgönguáætlun_umhverfismat_230310.docx)

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
drög	31.01.2023	EBA / ÍAK	ÁÞ	
drög2	17.02.2023	EBA / ÍAK	ÁÞ / PVKJ	
drög3	23.02.2023	EBA / ÍAK	ÁÞ / ÁFS	
Drög4	09.03.2023	EBA / ÍAk	ÁÞ / PVKJ	EBA
Lok	25.5.2023	SGT	ÁÞ	SGT

### Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

[www.vso.is](http://www.vso.is)



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

### Unnið fyrir:

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólgata 7, 101 Reykjavík



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur og nálgun</b>	<b>1</b>
1.1	Matsskylda og tilgangur umhverfismats	1
1.2	Nálgun matsvinnu	1
1.3	Áhrifa- og umhverfisþættir	1
1.4	Mat á vægi áhrifa	3
1.5	Gagnaöflun og viðmið	3
<b>2</b>	<b>Samráð og kynningar</b>	<b>4</b>
<b>3</b>	<b>Samgönguáætlun</b>	<b>5</b>
<b>4</b>	<b>Samgönguáætlun og loftslagsmál</b>	<b>6</b>
<b>5</b>	<b>Umhverfisáhrif markmiða samgönguáætlunar</b>	<b>9</b>
5.1	Áhrif markmiðs um greiðar samgöngur	10
5.2	Áhrif markmiðs um öruggar samgöngur	11
5.3	Áhrif markmiðs um hagkvæmar samgöngur	12
5.4	Áhrif markmiðs um umhverfislega sjálfbærar samgöngur	13
5.5	Áhrif markmiðs um jákvæða byggðapróun	14
<b>6</b>	<b>Umhverfisáhrif aðgerðaáætlunar</b>	<b>15</b>
6.1	Umhverfisáhrif framkvæmda á Suðursvæði	16
6.2	Umhverfisáhrif framkvæmda á Höfuðborgarsvæði	21
6.3	Umhverfisáhrif framkvæmda á Vestursvæði	24
6.4	Umhverfisáhrif framkvæmda á Norðursvæði	30
6.5	Umhverfisáhrif framkvæmda á Austursvæði	35
<b>7</b>	<b>Samræmi við áætlanir</b>	<b>42</b>
<b>8</b>	<b>Heimildir</b>	<b>46</b>
<b>9</b>	<b>Viðaukar</b>	<b>47</b>



## 1 Inngangur og nálgun

Vinna við umhverfismat samgönguáætlunar 2024-2038 hófst í júní 2021 þegar matslýsing var auglýst. Samgönguáætlunin er mótuð á grundvelli almennrar stefnumörkunar innviðaráðherra á grundvelli laga nr. 33/2008 um samgönguáætlun í víðtæku samráði við almenning og hagsmunaaðila.

Með samgönguáætlun er áætlanagerð við framkvæmdir, þjónustu og rekstur samgöngukerfisins samræmd til 15 ára ásamt 5 ára aðgerðaáætlun. Vinna við gerð samgönguáætlun er í höndum samgönguráðs í samvinnu við Vegagerðina, Isavia og Samgöngustofu.

**Framtíðarsýn áætlunarinnar felur í sér að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu þar sem að tæknin tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.**

Umhverfismat áætlana er ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana hins opinbera svo leggja megi mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið. Markmiðið er að auka gæði áætlana, þróa og samþætta fyrirbyggjandi stefnum í umhverfismálum og sjálfbærri þróun þ.m.t. á grundvelli Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Markmið umhverfismatsins er að sá sem mótar stefnuna geri sér grein fyrir áhrifum hennar á umhverfið og bregðist við með það að leiðarljósi að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

### 1.1 Matsskylda og tilgangur umhverfismats

Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal vinna umhverfismat fyrir samgönguáætlun 2024-2038 þar sem hún markar stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lögina og eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Nálgun matsvinnunnar miðar að því að ná fram eftirfarandi markmiðum:

- Veita heildarsýn á umhverfisáhrif stefnu í samgöngum.
- Meta líkleg og veruleg áhrif á umhverfið.
- Draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif stefnunnar.
- Skilgreina vöktun og mótvægisáðgerðir þar sem það á við.
- Skjalfesta matsvinnu.
- Stuðla að samræmi áætlana og greina frá tengslum samgönguáætlunar við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga.
- Kynna helstu umhverfisáhrif samgöngustefnu

Með því að fylgja eftir þessum markmiðum í vinnu við gerð samgönguáætlunar 2024-2038 er dregið úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra og um leið stuðlað að sjálfbærri þróun í samgöngumálum á Íslandi.

### 1.2 Nálgun matsvinnu

Samgönguáætlun til fimmtán ára er stefna þar sem lagðar eru til aðgerðir sem leiða muni til árangurs í markmiðum stefnunnar.

Matsvinnan fer fram samhliða mótun samgönguáætlunar til að tryggja að horft sé umhverfissjónarmiða. Matið er byggt á helstu áhrifaþáttum sem felast í markmiðum áætlunarinnar og framkvæmd hennar og umhverfisþáttum sem kunna að verða fyrir áhrifum.

Umhverfismat samgönguáætlunar er tvískipt. Annars vegar er fjallað um áhrif markmiða áætlunarinnar á umhverfið og hins vegar um umhverfisáhrif helstu framkvæmda með þeirri nákvæmni sem umhverfismat áætlana felur í sér. Í matsvinnu er því lögð áhersla á að draga fram og endurspegla stigsskiptingu umhverfismats eftir því hvort um sé að ræða umhverfismat samgönguáætlunar, umhverfismat á skipulagsstigi eða umhverfismat framkvæmdar.








Í umhverfismati samgönguáætlunar er áhersla lögð á að draga fram þá þætti um náttúruvar, auðlindir og samfélag sem þarf að hafa í huga og skoða nánar þegar farið verður í frekari útfærslu framkvæmdar á seinni stigum þ.e. á skipulagsstigi eða í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Fjallað verður um mögulegar leiðir til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmda auk þess sem dregið verður fram hvar mögulegt sé að áhrif á einhverja umhverfisþætti verði óhjákvæmileg.

### 1.3 Áhrifa- og umhverfisþættir

Í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru helstu umhverfisþættir skilgreindir sem (a.) íbúar og heilbrigði manna, (b.) líffræðileg fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar, (c.) land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag, (d.) efnisleg verðmæti og menningarminjar, (e.) næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir stórslysum og náttúruhamförum, (f.) samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið.

Í samræmi við umfang samgönguáætlunar, reynslu ráðuneytisins, Vegagerðarinnar, Isavia og Samgöngustofu af umhverfisáhrifum framkvæmda og umfjöllun um umhverfismat fyrri samgönguáætlana hafa helstu umhverfisþættir verið skilgreindir. Áhrifaþættir samgönguáætlunar eru stefnur, áherslur eða framkvæmdir sem geta valdið áhrifum á umhverfið (Tafla 1.1).

Tafla 1.1 Yfirlit um umhverfisþætti og helstu áhrifaþætti samgönguáætlunar.

Umhverfisþáttur	Samgönguáætlun
 <b>Samfélag og byggð</b>	Markmið samgönguáætlunar er byggð á samfélags- og byggðapróun og geta stuðlað að jákvæðum áhrifum, m.a. á aðgengi að þjónustu og vinnusóknarsvæðum. Samgöngur hafa áhrif á heilsu og vellíðan. Sérstaklega í þéttbýli þar sem stærri framkvæmdir og stefna geta haft mikil áhrif á umhverfisgæði. Umfjöllun um heilsu snýr fyrst og fremst að vistvænum samgöngum, staðbundinni loftmengun, hávaða frá umferð og hvernig samgöngur hafi áhrif á lýðheilsu, m.a. með því að styðja við virka ferðamáta. Loks er fjallað um áhrif stefnunnar á jafnrétti.
 <b>Loftslag</b>	Markmið tillögu að samgönguáætlun stuðla að notkun umhverfisvænna orkugjafa og breytingum í vali á ferðamáta, m.a. til að draga úr losun á gastegundum sem hafa áhrif á loftslag. Megin áhersla er á að fjalla um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og að gera grein fyrir áhættu, aðlögun og mildandi aðgerðum vegna loftslagsbreytinga.
 <b>Umhverfi og náttúra</b>	Markmið tillögu að samgönguáætlun stuðla að notkun umhverfisvænna orkugjafa og breytingum í vali á ferðamáta, m.a. til að draga úr losun á gastegundum sem hafa áhrif á loftslag. Megin áhersla er á að fjalla um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og að gera grein fyrir áhættu, aðlögun og mildandi aðgerðum vegna loftslagsbreytinga.
 <b>Haf- og strandsvæði</b>	Samgönguáætlun kann að hafa bein áhrif á haf- og strandsvæði með uppbyggingu vega um strendur, byggingu hafnarmannvirkja, sjóvarna og siglingaleiðir og umferð á sjó.
 <b>Öryggi</b>	Öryggi er þáttur sem fellur undir samfélag, en honum er gefið sérstakt vægi í áætlanagerð um samgöngur. Markmið snúa m.a. að öryggi veg-, sjó- og flugfarenda. Umfjöllun um öryggi nær til slysa og óhappa á fólki og slysa sem geta valdið mengun eða röskun á umhverfi. Einnig verður fjallað um mögulega náttúruvá við grunnnet og stakar framkvæmdir sem kunna að hafa áhrif á markmið samgönguáætlunar. Umfjöllun um náttúruvá nær til hækkan sjávar, jarðskjálfta, eldgosa, jökulhlaupa og ofanflóða.



## 1.4 Mat á vægi áhrifa

Áhrif eru metin jákvæð og neikvæð, bein og óbein, langtíma og skammtíma, varanleg og samvirk. Við mat á umfangi áhrifa áætlanna á umhverfið er tekið mið af þróun umhverfisþátta án framkvæmda áætlana, þ.e. núll-kost. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum samgönguáætlunar við aðrar áætlanir, ef slíkt á við. Vægi umhverfisáhrifa verður flokkað í jákvæð og neikvæð áhrif, ásamt því að gerð verður grein fyrir óvissu og tilefni hennar (Tafla 1.2).

Tafla 1.2: Vægi umhverfisáhrifa.

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

## 1.5 Gagnaöflun og viðmið

Yfirlit yfir helstu matsspurningar, mælikvarða og viðmið vegna umhverfismatsins er að finna í viðauka A. Helstu gögn sem nýttust við umhverfismatið eru eftirfarandi:

- Upplýsingar um verndarsvæði: Náttúruverndaráætlanir 2004-2008 og 2009-2013, Náttúruinjasrá (s.s. friðlýst svæði, fólkvangar og aðrar náttúruminjar), víðerni, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, tillögur að nýrri kortlagningu víðerna á miðhálandi Íslands.
- Upplýsingar um fyrirliggjandi skipulagsáætlanir: Upplýsingar um landnotkun, áætlanir um landnotkun og framkvæmdir sem taka þarf tillit til.
- Aðrar áætlanir og stefnumörkun stjórnvalda sem vitað er um og þarf að taka tillit til: Byggðaáætlun 2018-2024, Möguleikar Íslands til að draga úr

nettó útstreymi gróðurhúsalofttegunda, Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og heildarstefna Íslands í málefnum hafsins, Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029.

- Alþjóðlegir samningar: s.s. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, Ramsarsamþykkt um verndun votlendis, Bernarsamningur um verndun villtra plantna og dýra, Ríósamningurinn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, Kyoto-bókunin, Marpol-samningurinn um varnir gegn mengun frá skipum, OSPAR, Oslóarsamningurinn um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum og Chicago-samningurinn um alþjóðlegt almenningflug o.fl.
- Lög og reglugerðir: Ýmis lög og reglugerðir um náttúru- og umhverfisvernd svo sem lög um náttúruvernd nr. 60/2013, lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um menningarminjar nr. 80/2012, lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, reglugerð um hávaða nr. 724/2008, reglugerð um loftgæði nr. 787/1999, Lög nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, ásamt ýmsum sérlögum um ákveðin svæði, s.s. Breiðafjörð, Mývatn og Þingvelli.
- European commission White paper Road map to a single European Transport Area – towards a competitive and resource efficient transport system (ásamt umhverfismati).
- Umhverfisskýrsla samgönguáætlunar 2018-2033.

Unnið var með landupplýsingargögn og unnar yfirlitsmyndir í tengslum við mat á áhrifum framkvæmda. Á kortin voru merkt inn mögulegar framkvæmdir og aðrar upplýsingar um umhverfisþætti. Kortin voru m.a. notuð sem grunnur til að skilgreina helstu áhrifaþætti framkvæmda, vinsun umhverfisþátta og mat á vægi helstu áhrifa.



## 2 Samráð og kynningar

Samhliða vinnu við mótun samgönguáætlunar hefur verið starfandi samráðsvettvangur með aðkomu sérfræðinga og fræðimanna, auk starfshópa um ákveðin verkefni og stefnumótun. Stefnt er að því að halda samgönguþing sem er öllum opið þegar drög að áætluninni liggja fyrir.

Kynningar á gögnum matsvinnu

- Matslýsing var aðgengileg á heimasíðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, nú innviðaráðuneytið, og gefinn a.m.k. 5 vikna athugasemdarfrestur. Málið var opið til umsagnar og athugasemda í samráðsgátt á tímabilinu 08 júlí 2021–10 ágúst 2021. Ein athugasemd barst við matslýsingu sem brugðist hefur verið við í umhverfisskýrslu.
- Drög að umhverfisskýrslu verða aðgengileg á samráðsgátt stjórnvalda og heimasíðu innviðaráðuneytis og gefinn 6 vikna frestur til athugasemda.
- Tilkynning um framlagningu á samráðsgátt og frest til athugasemda verða sendar helstu hagsmunaaðilum.
- Ráðuneytið mun taka saman yfirlit um umsagnir og athugasemdir sem berast við umhverfisskýrslu og viðbrögð við þeim.
- Drög að umhverfisskýrslu verða uppfærð með hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem um hana berast.

Til að tryggja gegnsæi og lýðræðisleg vinnubrögð við matsferlið verður það birt í heild sinni, bæði matslýsing og umhverfisskýrsla ásamt athugasemdum við þær, meðferð og viðbrögðum innviðaráðuneytis við athugasemdum á vefsvæði samgönguáætlunar<sup>1</sup>. Þannig er tryggt að almenningur og aðrir hagsmunaaðilar geti ávallt kynnt sér stöðu umhverfismatsins.

### 2.1 Umsagnir og athugasemdir<sup>2</sup>

Alls bárust 14 umsagnir um Drög að hvítbók í samgöngum 2024-2038 og umhverfisskýrslu hennar. Í fimm þeirra voru engar athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna. Efni umsagna og athugasemda snéri að :

- Loftslagsmálum
- Orkuskiptum
- Fjölbreyttum ferðamátum og vísun til að mæla þá
- Forgangsröðun framkvæmda
- Lýðheilsuáhrifum ferðamáta
- Áhrifum vegaframkvæmda á virka ferðamáta
- Málsmeðferð um endanlegt val á framkvæmdakostum
- Framkvæmdum á hálendinu og áhrif aukinnar umferðar

Að miklu leyti er um ábendingar að ræða um efnistöð í umhverfismati s.s. um að fjalla um áhrif á lýðheilsu og áhrif aukinnar umferðar á hálendinu. Umsagnir og athugasemdir leiða ekki til breytinga á niðurstöðum umhverfismatsins, en bætt er við ábendingum um atriði sem mikilvægt er að líta til við frekari skoðun þeirra framkvæmda sem falla undir samgönguáætlun. Auk þess verður tekið tillit til hluta ábendinga í næstu samgönguáætlun og umhverfismati hennar. Hluti af slíku er að skoða hvort hægt að tengja áætlun við loftslagsmarkmið Íslands<sup>3</sup>, skilgreina fleiri mælikvarða fyrir fjölbreytta ferðamáta<sup>4</sup> og fjalli um áhrif flýti- og umferðargjöld á umhverfi og samfélag.<sup>5</sup>

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/samgonguaaetlun/>

<sup>2</sup> Viðbætur eftir kynningartíma á tillögu að samgönguáætlun og umhverfismati

<sup>3</sup> Viðbót eftir kynningartíma sem viðbrögð við umsögn ITS.

<sup>4</sup> Viðbót eftir kynningartíma sem viðbrögð við umsögn ITS

<sup>5</sup> Viðbót eftir kynningartíma sem viðbrögð við athugasemd Landssambands hjólréiðamanna



### 3 Samgönguáætlun

Líkt og í fyrri samgönguáætlunum mun samgönguáætlun 2023 - 2037 byggjast á fimm megin markmiðum.



Í Grænbók um samgöngumál (Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, 2021) og drögum að Hvítbók hafa verið skilgreindir mælikvarðar til að meta árangur samgönguáætlunar við að ná settum markmiðum.

#### Greiðar samgöngur

Við árangursmat er áhersla lögð á:

- Umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu.
- Aukið hlutfall fjölbreyttra ferðamáta með innviðum í samstarfi við sveitarfélög.
- Gerð hjóla- og göngustíga.
- Aukið aðgengi í millilandaflugi.

#### Hagkvæmar samgöngur í uppbyggingu og rekstri

Við árangursmat er áhersla lögð á:

- Að draga úr samgöngukostnaði heimila.
- Að draga úr slysakostnað í samgöngum.

#### Öruggar samgöngur

Við árangursmat er áhersla lögð á:

- Að auka samgönguöryggi á öllum sviðum og öllum ferðamátum með marktækum aðgerðum.
- Að árangur verði metin sem fækkun látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni.
- Fækkun slysa og skráðra atvika á sjó og í flugi.
- Fækkun einbreiðra brúa á Hringvegi.
- Aðskilnað akstursstefna á umferðarþungum vegum.
- Beltanotkun og notkun snjalltækja í akstri.

#### Umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Við árangursmat er áhersla lögð á:

- Að draga úr mengun og auka loftgæði í þéttbýli.
- Að stuðla að fjölgun vistvænna bíla.
- Minnkað kolefnisspor yfir líftíma samgönguinnviða.

#### Samgöngur stuðli að jákvæðri byggðapróun

Við árangursmat er áhersla lögð á:

- Styrkingu vinnusóknarsvæða m.a. með lagningu bundins slitlags og fjölgun farþega með almenningssamgöngum; innanlandsflugi, með ferjum og almenningsvögnum milli byggða.
- Bundið slitlag á sem flestum stofnvegum og tengivegum





## 4 Samgönguáætlun og loftslagsmál

Þau stefnumið sem helst hafa áhrif á loftslag eru vegna markmiða um a) greiðar samgöngur b) umhverfislega sjálfbærar samgöngur og c) hagkvæmar samgöngur. Áhrifaríkustu leiðirnar til að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum snúa að orkuskiptum og fjölbreyttari ferðamátum.

Almenn þróun í fjölgun loftslagsvænni bifreiða er hafin á Íslandi með lækkun vörugjalda á umhverfisvænni bíla sem og ýmskonar þróun á annarri gerð eldsneytis en jarðefnaeldsneytis. Slík þróun á sér einnig stað fyrir skipaflotann. Fyrirséð er að sú þróun muni halda áfram á tímabili samgönguáætlunar þótt óvíst sé hversu hröð eða umfangsmikil umskiptin verða. Með aukinni áherslu á þéttingu byggðar og blöndun íbúðar-, atvinnu- og þjónustusvæða í skipulagi þéttbýlis skapast grundvöllur til þess að breyta ferðamátum og draga úr þörf á notkun einkabílsins. Því er mikilvægt, samhliða þéttingu og blöndun byggðar, að efla fjárfestingar sem geti leitt til þess að aukinn fjöldi fólks kjósi að nýta sér fleiri samgöngumáta en einkabílinn og draga þannig um leið úr neikvæðum umhverfisáhrifum samgangna.

Markmið samgönguáætlunar sem tengjast áhrifum á loftslag eru til þess fallin að styðja við þær áherslur sem stjórnvöld hafa lagt fram um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og draga þannig úr neikvæðum áhrifum samgangna á loftslag.


### Losun frá samgöngum

Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum hefur aukist undanfarin ár samhliða hagvexti og vexti ferðaþjónustunnar. Í landsskýrslu Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda, sem inniheldur losunarbókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti á Íslandi frá 1990 til 2020 (Umhverfisstofnun, 2022) kemur fram að losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum (vegasamgöngur, strandsiglingar og innanlandsflug) hefur aukist um 46% í heild á tímabilinu. Losunin minnkaði milli ára 2019 til 2020 um 16%. Frá árinu 2013 eru það


fyrst og fremst samgöngur sem stuðlað hafa að aukinni losun hér á landi. Árið 2020 eru vegasamgöngur helsta uppsprettan sem fellur undir beina ábyrgð Íslands, eða 33%.

Ísland hefur undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum og unnið er samkvæmt aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030. Það sem af er öldinni hefur verið umtalsverð aukning á framlögum til aðgerða sem taldar eru draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Meðal aðgerða eru uppbygging innviða fyrir hjólandi og gangandi, betri almenningssamgöngur, vegstyttingar, aukin áhersla á rafræna þjónustu sem dregur úr ferðaþörf og fækkun staðbundinna vinnustunda með fjarvinnu. Þá hefur jafnframt verið lögð áhersla að styðja við orkuskipti í samgöngum.

Í orkuskiptum hefur sérstaklega verið litið til rafvæðingar og framleiðslu á innlendu lífildsneyti. Stefnit var að því að í árslok 2020 væri hlutfall vistvænna fólksbíla í umferð á Íslandi 10%, sbr. samgönguáætlun 2019 - 2033. Það markmið náðist og gott betur, en í árslok 2020 stóð það í 11,3% (Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, 2021).




Mynd 4.1 Góður árangur hefur náðst í losun GHG frá fólksbílum. Losun fólksbíla minnkar hratt með auknu hlutfalli rafbíla ásamt aukinni sparneytni nýrra jarðefnaeldsneytisbíla.



Mynd 4.2 Nýskráningar bifreiða eftir orkugjafa 2014 – 2020 (Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, 2021).

Minni ferðaparfir og stytting ferðaleiða stuðla að minni losun. Sem dæmi mun ný brú yfir Hornafjarðarfliót stytta Hringveginn um 12 km á vegarkafli með ár-dagsumferð 1.000 bíla á dag. Þannig sparast milljónir km í akstri með samsvarandi samdrætti í losun (Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, 2021). Aukin notkun og hlutdeild almenningssamgangna stuðlar jafnframt að því að markmið ríkisins í loftslagsmálum náist. Ferðumst saman, heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða, er hluti af samgönguáætlun 2020-2034 sem samþykkt var á Alþingi í júní 2020. Í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins er lögð áhersla á að breyttar ferðavenjur séu grundvöllur þess að ná megi fram sjálfbærum vexti byggðar. „Í stefnumótun Höfuðborgarsvæðisins 2040 um samgöngur er lögð aukin áhersla á fleiri valkosti, samgöngumáta sem taldir eru hagkvæmari og vistvænni en einkabíll (SSH, 2015)“. Það endurspeglast jafnframt í markmiðum samgönguáætlunar um hagkvæmar samgöngur og umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Ferðavenjur allra landsmanna voru mældar í ferðavenjukönnun haustið 2019. Fyrir höfuðborgarsvæðið kom fram að hlutfall einkabíls minnkar um 2% en notkun almenningssamganga hækkaði í 5%.



Mynd 4.3 Hlutfall virkra samgöngumáta í ferðavenjum 2019 í landshlutum (Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, 2021).

Mynd 4.3 sýnir að hlutfall virkra ferðamáta, göngu og hjólreiða, er nokkuð breytilegt milli svæða og er hlutfall virkra ferðamáta hæst á Austurlandi. Markmið svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins er að hlutfall virkra ferðamáta verði komið í 30% árið 2040.

### Losun frá framkvæmdum

Í samgönguáætlun 2024 – 2038 er eitt af áhersluatriðum markmiðs um umhverfislega sjálfbærar samgöngur að minnka kolefnisspor yfir líftíma samgönguinviða. Fyrir liggja vistferilsgreiningar fyrir vega- og brúarframkvæmdir (Efla, 2012), (Efla, 2014) þar sem fram kemur að kolefnisspor fyrir dæmigerðan 1 km vegkafla í íslenska þjóðvegakerfinu sé 707 tonn CO<sub>2ig</sub>/km. Þar af valdi bygging vegarins 47% af heildarkolefnissporinu, rekstur og viðhald hans 55% en förgun -2%. Við byggingu brúar er það bygging brúarinnar sjálf sem hefur mest áhrif eða 81 % og skipta þar steypir hlutar með járnþendingu, rafstöð og vegrið mestu máli. Viðhald og rekstur er 18% losunar og förgun 1%. Kolefnisspor brúar er 2,97 tonn CO<sub>2</sub> í gildi á hvern m<sup>2</sup> nýtanlegs brúargólfs ef hagnaði af endurvinnslu er sleppt. Endurvinnsla stáls myndi lækka kolefnissporið.



Stefnt er að því á tímabili samgönguáætlunar að byrjað verði að meta losun vegna allra nýframkvæmda Vegagerðarinnar. Það er í samræmi við aðgerðir sem koma fram í vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030 (Byggjum Grænni Framtíð, 2022).

### Áhrif loftslagsbreytinga á samgöngur




Hraðar umhverfisbreytingar fela í sér áskoranir fyrir samgönguyfirvöld, m.a. í hönnun og skipulagi, forgangsröðun framkvæmda og viðhalds- og þjónustupörf. Unnin var skýrsla 2021 um áhrif loftslagsbreytinga á

samgöngur (Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, 2021). Þar kemur fram að áhrif loftslagsbreytinga á samgöngur geta birst á margvíslegan hátt og fara þau eftir staðsetningu, tjónnæmi og möguleikum til aðlögunar. Í skýrslunni er lögð til aukin vöktun og mælingar fyrir tímanleg viðbrögð og er sú nálgun ítrekuð í stefnu um aðlögun „Í ljósi loftslagsvár“ og í Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021).

Mynd 4.4 sýnir dæmi um helstu áhrif loftslagsbreytinga á innviði og þjónustu samgöngukerfisins en þær geta t.d. falið í sér auknar skemmdir og holur á

burðarlagi vega, flugbrautum og öðrum mannvirkjum, auknar líkur á flóðum á lágsvæðum, meira álag á ræsi, auknar líkur á ofanflóðum og fleira. Í Samgönguáætlun 2024-2038 eru sett fram markmið um greiðar og öruggar samgöngur. Þar er áhersla lögð á nauðsyn þess að bregðast við, kortleggja, meta og mæla áhættu og undirbúa aðlögun samgöngukerfisins að loftslagsbreytingum með vöktun og mildandi mótvægisáðgerðum. Samgöngukerfið þarf að vera í stakk búið til að mæta bæði hægfara breytingum og skyndilegum atburðum, svo sem flóðum og skriðuföllum. Það samræmist stefnu sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum. Stýrihópur vegna aðlögunar er að störfum við gerð tillögu um efnisþætti og skipulag við gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum, þar sem meðal annars er fjallað um samgöngumál. Hópurinn á að skila af sér tillögu til ráðherra í lok ágúst 2023 til grundvallar ákvarðanatöku um gerð áætlunar (Stjórnarráð Íslands, 2022).

Dæmi um áhrif loftslagsbreytinga á innviði og þjónustu samgöngukerfisins

Hitastig og hlýnun	 Vegir og umferð	 Flug og flugvellir	 Siglingar og skip	
<ul style="list-style-type: none"> <li>Hærrí meðalhiti, hitabylgjur, þurrkar</li> <li>Tíðari frost-þiðuferli</li> <li>Minni snjócoma, meiri regn</li> <li>Bráðnun sífera</li> <li>Meiri gróður</li> <li>Minni hafis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Blæðingar og frostverkun í yfirborði</li> <li>Minni snjókomstur</li> <li>Meiri hálkuvarnir</li> <li>Bráðnandi sífreri</li> <li>Holur og skemmdir í burðarlagi</li> <li>Aukið grjóthrun</li> <li>Gróður og sinubrunar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Blæðingar og skemmdir á flugbrautum</li> <li>Flóð á flugbrautum</li> <li>Lengri flugbrautir eða minni þyngd</li> <li>Meiri þörf fyrir kælingu farms</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Minni ísmyndun á vetrum</li> <li>Nýjar siglingaleiðir</li> <li>Minni hálkuvarnir</li> <li>Hætta á skemmdum á farmi</li> <li>Meiri orkunotkun vegna kælingar á farmi</li> </ul>	
Úrkoma og vindur	<ul style="list-style-type: none"> <li>Flóð og álag á ræsi</li> <li>Skolast úr vegum</li> <li>Grefur frá brúm</li> <li>Aurskriður, skriðuföll, grjóthrun</li> <li>Vindskemmdir</li> <li>Lokanir og tafir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Álag á ofanvatnskerfi</li> <li>Hætta á flóðum og skemmdum á flugbrautum</li> <li>Áhrif á nýtingarhlutfall flugbrauta</li> <li>Tafir á flutningum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Flóðahætta, álag á ofanvatnskerfi</li> <li>Ölduhæð og áhlaðandi</li> <li>Skemmdir á mannvirkjum</li> <li>Tafir á flutningum</li> </ul>	
Sjávarborð og flóð	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hækkandi meðalhæð sjávar</li> <li>Fleiri aftakaveður, samverkandi þættir</li> <li>Ölduhæð, áhlaðandi, sjógangur og sjávarrof</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Flóðahætta á lágsvæðum</li> <li>Rof í vegum vegna ágangs sjávar</li> <li>Aukin hætta á skriðuföllum í bröttum hlíðum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hætta á hálfu á flugbraut</li> <li>Aukin hætta á sjógangi og flóðum</li> <li>Sjávarrof vegna ágangs</li> <li>Tafir á flugi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hækkun á mannvirkjum</li> <li>Skemmdir vegna rofs og ágangs sjávar</li> <li>Aukinn viðhalds- og framkvæmdakostnaður</li> <li>Tafir og lokanir</li> </ul>

Mynd 4.4 Dæmi um áhrif loftslagsbreytinga á innviði og þjónustu samgöngukerfisins (Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, 2021).



## 5 Umhverfisáhrif markmiða samgönguáætlunar

Metin hafa verið umhverfisáhrif markmiða samgönguáætlunar á umhverfisþætti með hliðsjón af matsspurningum, mælikvörðum og viðmiðum sem koma fram í viðauka A. Samgönguáætlun miðar að því að hafa jákvæð áhrif á samfélag. Lögð er áhersla á aukna hlutdeild ólíkra ferðamáta (almenningsamgöngur, hjólandi og gangandi) ásamt fjárfestingum í innviðum fyrir umferð, flug og siglingar. Samgöngur á landi varða þó flesta og er líklegt að aukið jafnræði ólíkra ferðamáta hafi jákvæð áhrif á fólk sem kys að nota aðra ferðamáta en einkabíl. Í dreifðari byggð eru stefnumið samgönguáætlunar um aukinn hreyfanleika með áherslu á styttingu ferðatíma innan vinnusóknarsvæða mikilvæg þegar litið er til búsetugæða frekar en áherslna á breyttan ferðamáta.

Aukin áhersla er lögð á loftslagsmál frá fyrri samgönguáætlunum enda samgöngur helsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir beina ábyrgð Íslands, sjá nánar kafla 4. Stefnumið samgönguáætlunar sem tengjast áhrifum á loftslag eru til þess fallin að styðja við þær áherslur sem fram koma í öðrum stefnuskjölum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og draga þannig úr neikvæðum áhrifum samgangna á loftslag. Undanfarin ár hefur losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum aukist nokkuð samhliða mikilli fjölgun ferðamanna. Því kallar umræða um loftslagsbreytingar fram ýmsar áskoranir sem þarf að taka mið af í stefnumörkun.

Stefna um aukinn hreyfanleika þar sem áhersla er á styttingu vegalengda felur í sér nýframkvæmdir sem líklega hafa neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufarsþætti. Sömuleiðis er krafa um ferðahraða á þjóðvegum, legu vega með tilliti til öryggissjónarmiða og auknar öryggiskröfur til þess fallin að byggð verða umfangsmeiri umferðarmannvirki með tilheyrandi raski á náttúrufari. Áhrif vegaf framkvæmda á náttúrufar eru vel þekkt en vægi þeirra er mjög háð staðsetningu með tilliti til mögulegs verndargildis framkvæmdasvæðis. Sama á við um umferðina sjálfa. Áherslur og stefnumið sem stuðla að breyttum ferðavenjum í þéttbýli kunna að draga úr þörfum fyrir nýframkvæmdir í vegagerð með jákvæðum áhrifum á náttúrufar og mannvist.

Stefna um aukinn hreyfanleika og bættar tengingar innan og milli vinnusóknarsvæða með áherslu á styttingu vegalengda hefur hins vegar oft neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufarsþætti, ekki hvað síst með þverun fjarða og/eða vegagerð á strandsvæðum. Einnig verður að huga að áhrifum þverunar á útivist, ferðamennsku. Huga þarf sérstaklega að áhrifum framkvæmda á verndarsvæðum.

Í umhverfismati var leitast við að greina möguleg neikvæð áhrif þessara breytinga á öryggi. Eðli umferðar er líklegt til að breytast hvað varðar samsetningu hennar en fyrst og fremst eru þessi áhrif fólgin í aukningu hlutdeildar ýmissa umhverfisvænni ferðamáta, s.s. hjólríða, gangandi og almenningsamgangna. Breytinga á umferðarmynstri mun fyrst og fremst gæta á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum stærri þéttbýlum. Í dreifbýli er megináhersla á greiðfærni og öruggt grunnkerfi. Í samgönguáætlun 2024 - 2038 er unnið áfram að þeim áherslum sem komu fram í samgönguáætlun 2019-2033 og 2020-2034 og hafa haft í för með sér verulega jákvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Samlegðaráhrif þessara áherslna geta orðið verulega jákvæð á samfélag, loftslag og lýðheilsu, nái þær fram að ganga og sé fylgt eftir með aðgerðum.

### Núllkostur – þróun umhverfisþátta án áætlunar

Líkleg þróun umhverfisþátta án tilkomu samgönguáætlunar 2024 – 2038 felst í að hægja muni töluvert á þeirri þróun sem hefur átt sér hvað varðar ólíka ferðamáta, greiðar og fjölbreyttar samgöngur, skipulag byggðar og styrkingu vinnusóknarsvæða. Áhrif á samfélag og byggð yrðu neikvæð. Jafnframt má búast við að markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda nái ekki fram að ganga.

Ef samgönguáætlun kemur ekki til framkvæmdar fækkar mögulegum áhrifabáttum á umhverfi og náttúru, sem og haf- og strandsvæða. Ekki yrði af neikvæðum áhrifum vegna nýframkvæmda sem hafa bein áhrif á þessa umhverfisþætti. Vægi áhrifa er þó ávallt háð umfangi framkvæmda og viðkvæmni svæðis.

Eitt meginmarkmiða samgönguáætlunar er að tryggja öruggar samgöngur. Komi samgönguáætlun ekki til framkvæmdar má gera ráð fyrir að sá ávinningur sem felst í aðgerðum hennar með tilliti til öryggi muni ekki ná fram að ganga eða hægja mun verulega á þeirri þróun.



## 5.1 Áhrif markmiðs um greiðar samgöngur

Markmið felur í sér nýframkvæmdir, auknar fjárfestingar í núverandi innviði og breytta forgangsröðun verkefna. Þessi atriði geta haft áhrif á umhverfispætti með ólíkum hætti.

Í markmiði samgönguáætlunar er áhersla lögð á:

- Umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu
- Aukið hlutfall fjölbreyttra ferðamáta með innviðum í samstarfi við sveitarfélög
- Gerð hjóla- og göngustíga
- Aukið aðgengi í millilandflugi



Áætlun styður við markmið 9.1 um að þróun traustra, sjálfbærra og sveigjanlegra innviða með áherslu á jafnt aðgengi. Einnig styður áætlunin við markmið 9.4 um að styrkja innviði og gera nýtingu auðlinda skilvirkari.



Áætlun styður við markmið 11.2 um að allir geti ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum og bætt aðgengi að almenningssamgöngum

### Markmið hefur áhrif á:

<sup>6</sup> Viðbót eftir kynningartíma til að bregðast við athugasemd Landssamtökum hjólréiðamanna

<p><b>Samfélag og byggð</b></p> 	<p>Áætlunin stuðlar að auknu aðgengi og jafnræði ólíkra hópa samfélagsins að samgöngukerfinu. Einnig fellur hún vel að skipulagsáætlunum sem miða að þéttingu byggðar.</p> <p>Áætlunin, einkum nýframkvæmdir, kann að hafa staðbundin neikvæð áhrif á hljóðvist og loftgæði. Áætlunin felur í sér aukinn hreyfanleika innan vinnusóknasvæða með líklegum jákvæðum áhrifum á atvinnu og samkeppnishæfni svæða. Huga skal að lýðheilsuáhrifum mismunandi ferðamáta til að styðja við markmið um breytingar.<sup>6</sup></p>	<p>++</p>
<p><b>Umhverfi og náttúra</b></p> 	<p>Áætlunin, einkum nýframkvæmdir, fela í sér aukið rask og ónæði sem geta haft neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufræðispætti. Einnig geta komið fram breytingar á ásjón svæðis og breyting á landslagsheildum og víðernum. Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p>	<p>-</p>
<p><b>Loftslag</b></p> 	<p>Bætt flæði almenningssamganga og gerð hjóla- og göngustíga getur stuðlað að breytingum á ferðamáta sem stuðlar að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt getur stytting leiða stuðlað að samdrætti í losun. Greiðari samgöngur geta orðið hvati að aukinni ferðatíðni og þar með meiri losun.</p>	<p>0/+</p>
<p><b>Haf- og strandsvæði</b></p> 	<p>Nýframkvæmdir á lágsvæðum við strendur, t.d. hafnarframkvæmdir, þverun fjarða eða veglagning við strönd eða sjávarfitjar geta haft neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufræðispætti tengda haf- og strandsvæðum. Jafnframt þarf að taka mið af áhættu vegna loftslagsbreytinga. Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p>	<p>-</p>
<p><b>Öryggi</b></p> 	<p>Áætlunin, einkum fækkun einbreiðra brúa og bundið slitlag, stuðlar að auknu öryggi vegfarenda. Mikilvægt er að við nýframkvæmdir sé hugað að staðsetningum með tilliti til náttúruvárs s.s. hækkun sjávar, jarðskjálfta, eldgos, jökulhlaups og ofanflóða. Huga þarf að áhrifum breikkana vega á öryggi virkra ferðamáta.<sup>6</sup></p>	<p>+</p>



## 5.2 Áhrif markmiðs um öruggar samgöngur

Markmið felur í sér nýframkvæmdir, auknar fjárfestingar í núverandi innviði og breytta forgangsröðun verkefna. Þessi atriði geta haft áhrif á umhverfisþætti með ólíkum hætti.

Í markmiði samgönguáætlunar er áhersla lögð :

- Að auka samgönguöryggi á öllum sviðum og öllum ferðamátum með marktækum aðgerðum.
- Fækkun látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni.
- Fækkun slysa og skráðra atvika á sjó og í flugi.
- Fækkun einbreiðra brúa á Hringvegi.
- Aðskilnað akstursstefna á umferðarpungum vegum.
- Beltanotkun og notkun snjalltækja í akstri.



Áætlun styður við markmið 3.6 um að ná niður fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.



Áætlun styður við markmið 11.2 um að allir geti ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum og bætt aðgengi að almenningssamgöngum

### Markmið hefur áhrif á:

<p><b>Samfélag og byggð</b></p> 	<p>Áætlunin stuðlar að auknu aðgengi og jafnræði ólíkra hópa samfélagsins að samgöngukerfinu.</p> <p>Áætlunin kann að hafa staðbundin neikvæð áhrif á hljóðvist og loftgæði.</p>	<p>++</p>
<p><b>Umhverfi og náttúra</b></p> 	<p>Áætlunin, einkum nýframkvæmdir, fela í sér aukið rask og ónæði sem geta haft neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufarsþætti. Einnig geta komið fram breytingar á ásynnd svæðis og breyting á landslagsheildum. Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p> <p>Umferðaröryggisaðgerðir stuðlað að jákvæð áhrif með því t.d. að draga úr hættunni á mengunarslysum.</p>	<p>-</p>
<p><b>Loftslag</b></p> 	<p>Markmið um öruggar samgöngur hafa óveruleg áhrif á loftslag.</p>	<p>0/+</p>
<p><b>Haf- og strandsvæði</b></p> 	<p>Nýframkvæmdir sem fela í sér þverun fjarða eða við strand- og hafnarsvæði geta haft neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufarsþætti tengda haf- og strandsvæðum.</p> <p>Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p>	<p>-</p>
<p><b>Öryggi</b></p> 	<p>Markmiðið felur í sér að stuðla að auknu öryggi allra ferðamáta. Endurbætur á vegum og fækkun einbreiðra brúa er stuðla að auknu öryggi vegfarenda til muna.</p> <p>Mikilvægt er að við nýframkvæmdir sé hugað að staðsetningum með tilliti til náttúruvár s.s. hækkun sjávar, jarðskjálfta, eldgos, jökulhlaups og ofanflóða.</p>	<p>++</p>



### 5.3 Áhrif markmiðs um hagkvæmar samgöngur

Markmið felur í sér auknar fjárfestingar í núverandi innviði og breytta forgangs röðun verkefna. Þessi atriði geta haft áhrif á umhverfisþætti með ólíkum hætti.

Í markmiði samgönguáætlunar er áhersla lögð á:

- Að draga úr samgöngukostnaði heimila.
- Að draga úr slysakostnaði á þjóðvegum.



Áætlun styður við markmið 9.1 um að þróun trausta, sjálfbærra og sveigjanlegra innviða með áherslu á jafnt aðgengi. Einnig styður áætlunin við markmið 9.4 um að styrkja innviði og gera nýtingu auðlinda skilvirkari.



Áætlun styður við markmið 11.2 um að allir geti ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum og bætt aðgengi að almenningssamgöngum

### Markmið hefur áhrif á:

<b>Samfélag og byggð</b>  	<p>Áætlunin stefnir að auknu aðgengi og jafnræði ólíkra hópa samfélagsins að samgöngukerfinu. Sem getur m.a. stækkað vinnusóknarsvæði. Huga þarf að áhrifum flýti- og umferðargjalda á ferðamáta.<sup>6</sup></p>	0/-
<b>Umhverfi og náttúra</b>  	<p>Markmið hafa óveruleg áhrif á umhverfi og náttúru. Við nýframkvæmdir kunna hagkvæmnissjónarmið og umhverfissjónarmið ekki alltaf að falla saman. Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p>	0/-
<b>Loftslag</b>  	<p>Bætt flæði almenningssamganga og virkra ferðamáta getur stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Stytting leiða kann að draga úr losun frá umferð.</p>	0/+
<b>Haf- og strandsvæði</b>  	<p>Markmið hafa óveruleg áhrif á haf- og strandsvæði. Við nýframkvæmdir kunna hagkvæmnissjónarmið og umhverfissjónarmið ekki alltaf að falla saman.</p>	0/-
<b>Öryggi</b>  	<p>Áætlun hefur óveruleg áhrif á öryggi vegfarenda.</p>	0/-

<sup>6</sup> Viðbót eftir kynningartíma til að bregðast við athugasemd Landssamtökum hjólréiðamanna



## 5.4 Áhrif markmiðs um umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Markmið felur í sér breytta forgangsröðun verkefna. Þessi atriði geta haft áhrif á umhverfisþætti með ólíkum hætti.

Í markmiði samgönguáætlunar er áhersla lögð á:

- Að draga úr mengun og auka loftgæði í þéttbýli.
- Að stuðla að fjölgun vistvænna bíla.
- Minnkað kolefnisspor yfir líftíma samgönguinnviða.



Áætlun styður við markmið 6.3 um að auka vatnsgæði með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna.



Áætlun styður við markmið 13.2 um að ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.



Áætlun styður við markmið 15.1 um verndun, endurheimt og sjálfbær nýting vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónusta þeirra, einkum skóga, votlendis, fjallendis og þurrkasvæða.



Áætlun styður við markmið 14.1 um að dregið verði úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi.



Áætlun styður við markmið 7.2 um að Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

## Markmið hefur áhrif á:

<p><b>Samfélag og byggð</b></p> 	<p>Áætlun kemur til með að stuðla að jákvæðum áhrif á umhverfi og lýðheilsu með aðgerðum sem draga úr mengun og auka loftgæði. Áhersla varðandi almenningsamgöngur er líkleg til að stuðla að betri nýtingu grunnkerfa og um leið fjölbreytni í vali á virkum ferðamáta með jákvæðum áhrifum á hljóðvist og loftgæði, einkum í þéttbýli.</p>	<p>++</p>
<p><b>Umhverfi og náttúra</b></p> 	<p>Í áætluninni er leitast við að draga úr áhrifum á umhverfi. Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis. Aukið hlutfall fjölbreyttra ferðamáta er líkleg til að auka loftgæði og hljóðvist, einkum í þéttbýli.</p>	<p>+</p>
<p><b>Loftslag</b></p> 	<p>Orkuskipti farartækja á landi, í lofti og á sjó er talin ein áhrifaríkasta leiðin til að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Áætlunin leggur sömuleiðis áherslu á að draga úr kolefnisspori samgönguinnviða. Bætt flæði almenningsamganga og gerð hjóla- og göngustíga getur stuðlað að breytingum á ferðamáta sem stuðlar að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Sömuleiðis fjölgun vistvænna bíla.</p>	<p>0/+</p>
<p><b>Haf- og strandsvæði</b></p> 	<p>Áætlunin stuðlar að því að dregið sé úr mengun sjávar. Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p>	<p>0/+</p>
<p><b>Öryggi</b></p> 	<p>Markmiðið hefur óveruleg áhrif á öryggi.</p>	<p>0/+</p>





## 5.5 Áhrif markmiðs um jákvæða byggðapróun

Markmið felur í sér nýframkvæmdir, auknar fjárfestingar í núverandi innviði og breytta forgangsroðun verkefna. Þessi atriði geta haft áhrif á umhverfisþætti með ólíkum hætti.

Í markmiði samgönguáætlunar er áhersla lögð á:

- Styrkingu vinnusóknarsvæða m.a. með lagningu bundins slitlags og fjölgun farþega með almenningsamgöngum; innanlandsflugi, með ferjum og almenningsvögnum milli byggða.
- Bundið slitlag á sem flestum stofnvegum og tengivegum.



Áætlun styður við markmið 9.1 um að þróun trausta, sjálfbærra og sveigjanlegra innviða með áherslu á jafnt aðgengi. Einnig styður áætlunin við markmið 9.4 um að styrkja innviði og gera nýtingu auðlinda skilvirkari.



Áætlun styður við markmið 11.2 um að allir geti ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum og bætt aðgengi að almenningsamgöngum

## Markmið hefur áhrif á:

<p><b>Samfélag og byggð</b></p> 	<p>Áætlunin stuðlar að auknu aðgengi og jafnræði ólíkra hópa samfélagsins að samgöngukerfinu. Einnig fellur hún vel að skipulagsáætlunum sem miða að þéttingu byggðar.</p> <p>Áætlunin stuðlar að bættum staðbundnum gæðum sem varðar búsetu, hljóðvist og loftgæði.</p> <p>Áætlunin felur í sér aukinn hreyfanleika innan vinnusóknarsvæða með líklegum jákvæðum áhrifum á atvinnu og samkeppnishæfni svæða.</p>	<p>++</p>
<p><b>Umhverfi og náttúra</b></p> 	<p>Áætlunin, einkum nýframkvæmdir, fela í sér aukið rask og ónæði sem geta haft neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufarsþætti. Einnig geta komið fram breytingar á ásjón svæðis og breyting á landslagsheildum. Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p>	<p>-</p>
<p><b>Loftslag</b></p> 	<p>Orkuskipti farartækja á landi, í lofti og á sjó er talin ein áhrifaríkasta leiðin til að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Bætt flæði almenningsganganna getur stuðlað að breytingum á ferðamáta sem stuðlar að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Sömuleiðis fjölgun vistvænna bíla.</p>	<p>0/+</p>
<p><b>Haf- og strandsvæði</b></p> 	<p>Nýframkvæmdir sem fela í sér þverun fjarða eða við strand- og hafnarsvæði geta haft neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufarsþætti tengda haf- og strandsvæðum.</p> <p>Vægi áhrifa er mjög háð staðsetningu með tilliti til verndargildi eða viðkvæmni framkvæmdarsvæðis.</p>	<p>-</p>
<p><b>Öryggi</b></p> 	<p>Bundið slitlag stuðlar að auknu öryggi vegfarenda.</p> <p>Mikilvægt er að við nýframkvæmdir sé hugað að staðsetningum með tilliti til náttúruvárs s.s. hækkun sjávar, jarðskjálfta, eldgos, jökulhlaups og ofanflóða.</p>	<p>0/+</p>

## 6 Umhverfisáhrif aðgerðaáætlunar

Í aðgerðaáætlun samgönguáætlunar eru taldar upp allar framkvæmdir áætlunarinnar sem eiga að koma til framkvæmda á tímabilinu. Gerður er fyrirvari um fjármögnun og framvindu undirbúnings m.t.t. í hvaða framkvæmdir verður hægt að ráðast á tímabilinu. Í matsvinnunni er áhersla lögð á framkvæmdir sem falla í flokk A og B samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum. Í því samhengi var horft sérstaklega til framkvæmda innan mismunandi umdæma Vegagerðarinnar (Mynd 6.1).

Í köflum hér á eftir er gerð grein fyrir ofangreindum framkvæmdum, helstu áhrifum þeirra á umhverfisþætti og samræmi við markmið samgönguáætlunar. Flestar framkvæmdir sem falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana koma til móts við markmið um greiðar samgöngur, öruggar samgöngur, jákvæða byggðapróun og í einhverjum tilfellum. Umfjöllun um líkleg umhverfisáhrif framkvæmda byggist í sumum tilvikum á vinnu við mat á umhverfisáhrifum sem ýmist stendur yfir eða er lokið.

Í umhverfismati áætlunarinnar eru dregin fram þau atriði er varða náttúrufar, auðlindir og samfélag sem þarf að hafa í huga og skoða nánar þegar farið verður í frekari útfærslu framkvæmdar á seinni stigum, á skipulagsstigi eða í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Í því samhengi er áhersla lögð á draga fram hvort framkvæmdir séu innan eða nálægt verndarsvæðum sem á hvíla stjórnsýsluleg ákvæði þar sem leita þarf umsagna og/eða leyfis frá Umhverfisstofnun á síðari stigum vegna framkvæmda. Einnig eru dregin fram hvort líklegt sé að framkvæmdir fari fram á vatnsverndarsvæði, sem skilgreind eru í sveitarfélögum sveitarfélaga, og á gilda takmarkanir samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Þá er rétt að geta þess að í umfangsmeiri framkvæmdum byggir endanleg ákvörðun

um útfærslu s.s. leiðaval á niðurstöðu umhverfismats viðkomandi framkvæmdar.<sup>7</sup>

Þessi svæði eru:

- **A-hluti náttúruminjaskrár:** s.s. friðlýst svæði, friðlönd, þjóðgarðar og náttúruvættir.
- **C-hluti náttúruminjaskrár:** Aðrar náttúruminjar.
- **Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja:** sem skilgreind er í 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, s.s. votlendi, tjarnir, birkiskógar, eldhraun, leirur, sjávarfitjar, hverir og fossar.
- **Vatnsverndarsvæði:** Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.




Mynd 6.1 Skipting landsins eftir svæðum.

<sup>7</sup> Breyting eftir kynningartíma til að bregðast við umsögn Umhverfisstofnunar.



## 6.1 Umhverfisáhrif framkvæmda á Suðursvæði





Tafla 6.1 Yfirlit yfir framkvæmdir á Suðursvæði og helstu umhverfisáhrif þeirra.

Suðursvæði				
Nr.	Framkvæmd	Helstu atriði framkvæmdar	Helstu áhrif framkvæmdar	Athygli vakin á
1	Hringvegur, breikkun - ýmsir staðir.	<p>Ö B G</p> <p>Breikkun á Hringvegi vegna mikillar umferðaraukningar.</p> <p><b>Framkvæmd uppfyllir markmið um bætt öryggi, jákvæða byggðapróun og greiðfærni.</b></p>	<p>0/-</p> <p>Breikkun vega getur fylgt óverulegt rask í vegstæði. Breikkunin stuðlar að bættu aðgengi og öryggi vegfarenda.</p>	
2	Hringvegur, Fossálar-Hörgsá.	<p>Ö B G</p> <p>Færsla á Hringvegi suður fyrir byggð.</p> <p><b>Framkvæmd uppfyllir markmið um bætt öryggi, jákvæða byggðapróun og greiðfærni.</b></p>	<p>-</p> <p>Færsla á vegi felur í sér nýtt rask á áður lítt snortnu landi. Ræktað land og votlendi er á athugunarsvæðinu sem kann að verða fyrir raski sem hefur áhrif á byggð og samfélag, loftslag, umhverfi og náttúru. Til skoðunar er hvort hægt sé að hnika veglínu þannig að hún fari ekki um ofangreind svæði, sem dregur þá úr áhrifum.</p>	<p>Í nágrenni við framkvæmd er votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Við frekari hönnun þarf að huga að votlendi við útfærslu vegar í valkostagreiningu og huga að mótvægisáðgerðum, s.s. endurheimt votlendis.</p>
3	Hringvegur um Mýrdal.	<p>Ö B G H</p> <p>Færsla á Hringvegi um Mýrdal og jarðgöng í Reynisfjalli.</p> <p><b>Framkvæmd uppfyllir markmið um bætt öryggi, jákvæða byggðapróun, greiðfærni og hagkvæmni.</b></p>	<p>--</p> <p>Færsla á vegi felur í sér nýtt rask á áður lítt snortnu landi. Vegur kann að fara um votlendi, ræktað land og breyting verður á ásýnd svæðis. Huga að mótvægisáðgerðum, s.s. endurheimt votlendis. Færsla þjóðvegjar út fyrir þéttbýli kann að draga staðbundið úr neikvæðum áhrifum á loftgæði og hljóðvist. Huga þarf að hætta á ofanflóðum við veglínu og hækkan sjávar.</p>	<p>Á framkvæmdasvæði er votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess er á áhrifasvæði svæði á C- hluta náttúruminjaskrár og tillögur N1 að svæðum á B- hluta náttúruminjaskrár. Hafa ber í huga að draga úr raski eins og kostur er. Í nágrenni við svæðið er einnig friðland Dyrhólaeyjar sem huga þarf að við útfærslu framkvæmdar.</p>
4	Hringvegur, um Hellu.	<p>Ö B G</p> <p>Nýtt hringtorg á Hellu.</p> <p><b>Framkvæmd uppfyllir markmið um bætt öryggi, jákvæða byggðapróun og greiðfærni.</b></p>	<p>0/-</p> <p>Óveruleg áhrif á náttúruvar og umhverfi vegna framkvæmda. Stuðlar að bættu öryggi í byggð.</p>	



Suðursvæði							
Nr.	Framkvæmd	Helstu atriði framkvæmdar			Helstu áhrif framkvæmdar	Athygli vakin á	
5	Hringvegur, Hella – Skeiðavegamóti.	Ö	B	G	-	Á hluta framkvæmdasvæðis eru jarðminjar sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Við frekari hönnun og í valkostagreiningu þarf að huga að því að draga eins og kostur er úr raski.	
6	Hringvegur, Skeiðavegamót – Selfoss.	Ö	B	G	-	Á hluta framkvæmdasvæðis eru jarðminjar sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Við frekari hönnun og í valkostagreiningu þarf að huga að því að draga eins og kostur er úr raski.	
7	Hringvegur norðan Selfoss.	Ö	B	G	H	-	Mati á umhverfisáhrifum lokið 2010. Breikkun vegar felur í sér rask á vistgerðum, breytingum á hljóðvist og ásýndarbreytingum. Rask verður á menningarminjum.
8	Hringvegur, Biskupstungnabraut – Varmá.	Ö	B	G	-	Mati á umhverfisáhrifum lokið 2010. Neikvæð áhrif á gróður, fugla og menningarminjar. Rask á votlendi sem nýtur verndar 61. gr. náttúruverndarlaga.	Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. Náttúruverndarlaga. Við frekari hönnun þarf að huga að votlendi við útfærslu vegar í valkostagreiningu og huga að mótvægisáðgerðum, s.s endurheimt votlendis.
